



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárbíngi ytra árið 2025

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitu- og rotþróargjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbíngi ytra.

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitu- og rotþróargjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbíngi ytra sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2025.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í. Rangárbíngi ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

3. gr.

Niðurfelling eða lækun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2023 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2024, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2024 samkvæmt skattframtali 2025. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir kr. 4.225.000 getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.225.001 – 4.886.000 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 4.886.001 – 5.580.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.580.001 – 6.283.000 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 6.297.000 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 6.297.001 – 7.260.000 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 7.260.001 – 8.212.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 8.212.001 – 9.188.000 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 7.086.000 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitu- og rotþróargjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

Jón G Valgeirsson
sveitarstjóri Rangárbíngs ytra